

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 1. júlí 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi starfsmanns við dagvist aldraðra

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum.

Starfsheiti er starfsmaður við dagvist aldraðra.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

2. Mat á námi félagsliða í félagsstarfi aldraðra

Lögð fram beiðni um mat á námi, fræðslu í formi og lit, 200 klst. langt.

Starfsheiti er félagsliði í félagsstarfi aldraðra.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

3. Mat á námi starfsmanns í leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námi leiðbeinenda í leikskólum.

Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Starfsþróunarnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarfélagsins að raða viðkomandi starfsmanni sem leikskólaliða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Næsti fundur verður haldinn 9. september 2019